

**Fertugasti og níundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 18. desember 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Hafsteinn Pálsson boðaði forföll.

### Dagskrá:

#### 1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og tóbaksleyfi.

- a. Kári Garðarsson f.h. Íþróttafélagsins Gróttu sækir um nýtt starfsleyfi fyrir samkomusal með móttökueldhúsi að Suðurströnd 2 á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 11. nóvember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- b. Þuríður Stefánsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri leikskóla með fullbúnu eldhúsi fyrir leikskólann Hulduberg að Lækjarhlíð 3 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 8. nóvember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- c. Dagný Hængsdóttir f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir heilsugæslustöðvar að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- d. Ólína Thoroddsen f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Grunnskóla Seltjarnarnes - Mýrarhúsaskóli við Nesveg á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- e. Ólína Thoroddsen f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Grunnskóla Seltjarnarnes - Valhúsaskóli við Skólabraut á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- f. Kristín Sigurðardóttir f.h. Mannvirðing ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri sambylis með sólarhringsþjónustu að Skólabraut 10 á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- g. Karl Pétursson f.h. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri vínbúðar að Eiðistorgi 13 á Seltjarnarnesi.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.

*Staðfest.*

- h.* Þórarinn Jónsson f.h. Félagsbúið Hálsi ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir sérværslun með nautakjöt að Hálsi í Kjós. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 12. desember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*
- i.* Sveinbjörg Davíðsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstri leikskóla með fullbúnu eldhúsi fyrir leikskólann Hlaðhamra að Hlaðhömrum í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir fyrirtækið þann 8. nóvember 2019 með gildistíma til 12 ára.  
*Staðfest.*

### Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna.

- j.* Gylfi Þór Gylfason sækir um starfsleyfi fyrir Sótthreinsun ehf. viðgerðaraðstöðu fyrir eigin vélar og tæki. Starfsleyfið var auglýst í fjórar vikur á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfið þann 12. október 2019.  
*Staðfest.*
- k.* SS Gíslason Viðgerðir ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bifreiðaviðgerðir og járnsmíði. Starfsleyfið var auglýst í fjórar vikur til 18. desember á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins engar athugasemdir bárust. Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita leyfi til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.
- l.* VGH Mosfellsbæ ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir VGH verktakaaðstöðu að Flugumýri 36, Mosfellsbæ. Starfsleyfið var auglýst í fjórar vikur til 18. desember á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins engar athugasemdir bárust. Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita leyfi til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sem auglýst eru á vef Umhverfisstofnunar.
- m.* Nýja bílasmiðjan hf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Nýju bílasmiðjuna hf. bílaréttingar og bílamálun að Flugumýri 20, Mosfellsbæ. Starfsleyfið var auglýst í fjórar vikur á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfið þann 3. desember 2019 til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir bílasprautun.  
*Staðfest.*
- n.* Bjarni Ásgeirsson f.h. Mosfellsbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir litla brennu neðan Holtahverfis við Leirvog þann 6. janúar 2020. Starfsleyfið var auglýst í fjórar vikur á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfið þann 2. desember 2019 með starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur.  
*Staðfest.*
- o.* Gísli Hermannsson f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir litla áramótabrennu að Valhúsaæð á Seltjarnarnesi. Starfsleyfið var auglýst í

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

fjórar vikur til 18. desember 2019 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur, engar athugasemdir bárust. Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita leyfið með ofangreindum starfsleyfisskilyrðum.

- p. Haukur Sörli Sigurvinsson f.h. Handknattleiksdeildar Aftureldingar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir litla áramótabrennu. Starfsleyfið er auglýst frá 27. nóvember til 18. desember 2019 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur Engar athugasemdir bárust. Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita leyfið með framangreindum starfsleyfisskilyrðum.
- q. Hermann Arason f.h. Nýmót ehf. sækir um starfsleyfi til niðurrifs á Nesvegi 115, Seltjarnarnesi. Starfsleyfið er auglýst í fjórar vikur til 13. desember 2019 með starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrifi húsa. Engar athugasemdir bárust. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfið þann 16. desember 2019 með ofangreindum starfsleyfisskilyrðum.
- Staðfest.*

## 2. Umsagnir:

### 2.1. Umsagnir um erindi sýslumanns.

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 7. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir áramótaskemmtun í Hlégarði að Háholti 2 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 29. nóvember 2019.
- Staðfest.*
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 25. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund samkomusalur, að Suðurströnd 2-8 á Seltjarnarnesi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 29. nóvember 2019.
- Staðfest.*
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 26. september 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund skemmtistaður, að Þverholti 1 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 22. nóvember 2019.
- Staðfest.*
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 31. október 2019 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gistingu í flokki II, tegund minna gistiheimili, að Lindarbraut 13 á Seltjarnarnesi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 12. nóvember 2019.
- Staðfest.*
- e. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 4. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund minna gistiheimili, að Minna-Mosfelli í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 5. nóvember 2019.
- Staðfest.*
- f. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 6. desember 2019 þar sem óskað er umsagnar um áramótabrennu á Valhúsaahæð á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindið sama dag með fyrirvara um að engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma starfsleyfis sem er til 18. desember 2019.
- Staðfest.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- g. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 6. desember 2019 þar sem óskað er umsagnar um þrettándabrennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ.  
Heilbrigðiseftirlitið hefur gefið út starfsleyfi fyrir brennuna og veitti jákvæða umsögn um málið þann 6. desember 2019.  
*Staðfest.*
- h. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 9. desember 2019 þar sem óskað er umsagnar um áramótabrennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ.  
Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindið sama dag með fyrirvara um að engar athugasemdir bærust á auglýsingartíma starfsleyfis sem er til 18. desember 2019.  
*Staðfest.*

### 2.2. Umsagnir um skipulagsmál.

- a. **Deiliskipulagslýsing frístundasvæðis við Selvatn í Mosfellsbæ.**  
Lagt fram bréf Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um deiliskipulagslýsingu – frístundasvæði Selvatn Mosfellsbæ.  
Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um sama mál dagsett 30. október 2019.  
*Staðfest.*
- b. **Skipulagslýsing vegna deiliskipulags í Hlíðahverfi**  
Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 26. nóvember 2019 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag í Hlíðahverfi –Hamraborg Mosfellsbæ.  
Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um sama mál dagsett 18. desember 2019.  
*Staðfest.*

c. **Skipulagslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi.**

Lagt fram bréf Kjósarhrepps dags.20. nóvember 2019 þar sem óskað eru umsagnar um ofangreint mál.  
Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dags. 20. nóvember 2019 þar sem veitt er umsögn um ofangreint mál.  
*Staðfest.*

### 2.3. Umsagnarbeiðni frá umhverfisnefnd Alþingis

Með erindi dagsettu 9. desember 2019 sendir Alþingis Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar). 436. mál. Frestur til að gera umsögn hefur verið framlengdur til 20. janúar 2020.  
*Framkvæmdastjóra er falið að gera umsögn um frumvarpsdrögin.*

### 3. Fráveitumál á Seltjarnarnesi

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Seltjarnarnesbæjar dagsett 25. október 2019 um rusl í Bakkavík – niðurstöður vöktunar.  
*Heilbrigðisnefnd tekur undir bókun Umhverfisnefndar Seltjarnarness frá 13. nóvember sl. og gerir kröfu um að á árinu 2020 verði settir mælar við yfirfallsútrásir á Seltjarnarnesi sem mælir þann tíma sem skólp flæðir um yfirföll. Mælar eru forsenda þess að heilbrigðisnefnd geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með fráveitunni. Þessi krafa er sett með stoð í grein 9.3 í reglugerð nr.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

798/1999 um fráveitur og skólp. Heilbrigðisnefnd óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna Fráveitu Seltjarnarness fyrir 1. mars 2020.

### 4. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Lögð var fram drög að samþykkt um stjórn, starfslið og embættisfærslur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Samþykkt og er framkvæmdastjóra falið að auglýsa samþykktina í B deild Stjórnartíðinda.*

### 5. Vatnsverndarsvæði

- a. Lögð fram fundargerð 128. og 129. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 4. september 2019 og 5. nóvember 2019.
- b. Lögð fram skýrsla Eflu Verkfræðistofu. Áhættumat vegna atvika sem geta valdið umhverfismengun á vatnsverndarsvæði. Varðar landssvæði 540-F, 541-F og 543-F í Mosfellsbæ.  
*Heilbrigðisnefnd samþykkir ofangreint áhættumat í samræmi við samþykkt um vatnsverndarsvæði innan lögsagnarumdæma höfuðborgarsvæðisins nr. 555/2015.*
- c. Lögð fram skýrsla ÍSOR um heildarefnagreiningu á neysluvatni í Laxnesdýjum árið 2019. Fram kemur að engar vísbendingar eru um mengun í neysluvatninu.

### 6. Samstarfsverkefni um hættumat á minni vatnsveitum.

Kynnt var verkefni um hættumat á minni vatnsveitum sem unnið er í samstarfi við Vatnaverkfræðistofu Háskóla Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra.

### 7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 19:30.